



Alþingi
Erindi nr. P 139/1037
komudagur 21.12.2010

SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Nefndarsvið Alþingis
b.t. umhverfisnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. desember 2010

Tilv.: 1011034

Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum, 186. mál, þskj. 203 á 139. löggjafarþingi.

Með bréfi, dags. 24. nóvember 2010, fór umhverfisnefnd Alþingis þess á leit við Samkeppniseftirlitið að veitt yrði umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum (hér eftir frumvarpið).

1.

6. gr. frumvarpsins

Í 6. gr. frumvarpsins er fjallað um nýjan kafia við lögin þar sem fjallað er um svokölluð skilakerfi. Í a lið 6. gr. frumvarpsins er fjallað um ábyrgð framleiðenda og innflytjenda drykkjarvöruumbúða á að fjármagna og tryggja úrvinnslu drykkjarvöruumbúðaúrgangs í skilakerfi. Segir að framleiðendur og innflytjendur drykkjarvöruumbúða skuli uppfylla framangreindar skyldur sínar með rekstri eigin skilakerfis fyrir drykkjarvöruumbúðir eða með aðild að sameiginlegu kerfi fleiri framleiðenda og innflytjenda. Að lokum segir að hver sá sem framleiði drykkjarvöru í umbúðum sem falla undir lögin eða flytji slíka vöru inn til endursölu skuli vera aðili að skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir áður en varan er sett á markað.

Í lok a liðar 6. gr. frumvarpsins segir að ráðherra skuli í reglugerð kveða nánar á um rekstur og stjórnun skilakerfa fyrir drykkjarvöruumbúðir, svo og eftirlit með þeim. Þá segir að ráðherra skuli vera heimilt í reglugerð að kveða á um að framleiðendur og innflytjendur drykkjarvöruumbúða starfi allir saman í einu skilakerfi sem starfi ekki í hagnaðarskyni, enda liggja fyrir þegar ákvörðun er tekin að framleiðendur og innflytjendur með a.m.k. yfir 70% af markaðshlutdeild drykkjarvöruumbúða á liðnu ári hafi lýst yfir vilja til að starfa saman í einu skilakerfi. Jafnframt segir að ráðherra skuli ekki veita skilakerfi slíka heimild lengur en til sex ára í senn.



2.

Sjónarmið Samkeppniseftirlitsins

Í athugasemdum með frumvarpinu segir að verði tekin ákvörðun um að allir framleiðendur og innflytjendur drykkjarvöruumbúða starfi saman í einu skilakerfi sé ljóst að kveða þurfi á um eftirlit með slíku kerfi með skýrum hætti í reglugerð. Samkeppniseftirlitið tekur undir framangreint. Í athugasemdum frumvarpsins segir að m.a. yrði þörf á ákvæðum um endurskoðun á bókhaldi, skýrum reglum um bókhald og reikningshald og reglum um hvernig árskýrslur skulu settar fram.

Til viðbótar við framangreint telur Samkeppniseftirlitið mikilvægt að settar verði skýrar reglur um stjórnarsetu í því félagi sem stjórna myndi slíku skilakerfi. Í 10. gr. samkeppnislaga er lagt bann við hvers konar samningum eða samþykktum á milli fyrirtækja sem hafa það að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún takmörkuð eða henni raskað. Með vísan til þessa ákvæðis telur Samkeppniseftirlitið nauðsynlegt að gætt sé að því að fulltrúar keppnauta á drykkjarvörumarkaði sitja ekki saman í stjórn viðkomandi félags á sama tíma.

Þá vill Samkeppniseftirlitið taka undir mikilvægi þess sem fram kemur í e lið 6. gr. frumvarpsins. Þar segir að hafi umsækjandi markaðsráðandi stöðu þá skuli í leyfi til reksturs skilakerfis kveðið á um að hlutaðeigandi skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir tryggi jafnan aðgang allra framleiðenda og innflytjenda að skilakerfinu og að skilyrði er varða hönnun og eiginleika drykkjarvöruumbúða séu ekki íþyngjandi. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ákvæði þetta mikilvægt svo komið sé í veg fyrir að stærri aðilar á markaðnum geti hindrað aðgang nýrra keppnauta inn á markaðinn með ómálefnalegum inngönguskilyrðum. Samkeppniseftirlitið lýsir ánægju sinni yfir því að hér sé tekið tillit til samkeppnislegra sjónarmiða.

Virðingarfyllt,
Samkeppniseftirlitið

Eva Ómarsdóttir
Eva Ómarsdóttir